



Sauðárkróki 28. apríl 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Umsögn byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar

130. löggjafarþing 2003–2004.

Frumvörp til laga um:

- ✓ breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum. 878. mál.
- ✓ breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum. 879. mál

Afgreiðsla byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar fundaði þriðjudaginn 27. apríl 2004 þar sem tekin voru fyrir ofangreind frumvörp. Afgreiðsla byggðarráðs var með eftirfarandi hætti:

Bókun

"Byggðarráð Skagafjarðar fer fram á það við Landbúnaðarnefnd Alþingis að endurskoða frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu nr. 57/1999, með síðari breytingum og frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna nr. 64/1965, með síðari breytingum. Frumvörpin eru í núverandi mynd aðför að uppbyggingu Hólaskóla, Háskólans á Hólum í Hjaltadal sem sjálfstæðri og sérhæfðri vísindastofnun.

Byggðarráð leggur áherslu á að við breytingar á lögum um búnaðarfræðslu sé þess gætt að veikja hvernig lagalega stöðu Háskólans á Hólum í Hjaltadal. Skv. reglugerð 244/2003 hefur Hólaskóli leyfi til að starfa sem háskólastofnun og því er nauðsynlegt er að styrkja sem mest stöðu og verkefni skólans. Leggja ber áherslu á sjálfstæði skólans sem vísinda- og menntastofnunar og að nafn hans sé órjúfanlega tengt Hólum í Hjaltadal."

Greinargerð

"Sameining Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (RALA) er æskileg. Tímabært er að færa starfsemi RALA undir starfsemi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.




Í frumvörpunum er lögð til nafnabreyting á Hólaskóla, Háskólans á Hólum í Hjaltadal og heimilisfesti hans útmáð. Teljum við slíkt ekki til þess fallið að styrkja Hólaskóla, Háskólann á Hólum í Hjaltadal sem sjálfstæða vísinda- og menntastofnun, heldur þvert á móti. Einnig gerir byggðarráð athugasemdir við hina altæku nafngift Landbúnaðarháskóli Íslands og telur hana óþarfa, þar sem nafnið Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri styrkir skólann og ímynd hans. Með stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands er ótvírátt vegið að sjálfstæði og vaxtarmöguleikum Hólaskóla, Háskólans á Hólum í Hjaltadal og Garðyrkjuskólans að Reykjum í Ölfusi. Vakin er athygli á mikilvægi þess að dreifa verkefnum sem nú heyra undir RALA til landbúnaðarháskólanna þriggja og styrkja þannig sérstöðu þeirra sem sjálfstæðra vísindastofnana.

Tryggja þarf og efla stöðu Háskólans á Hólum í Hjaltadal til að annast rannsóknir á sérsviðum sínum s.s. á ferskvatns- og sjávardýrum, hrossum og í ferðamálafræðum. Því þarf að gæta þess að breytingar á lögum um búnaðarfræðslu og rannsóknnum í þágu atvinnuveganna styrki fremur en veiki stöðu Hólaskóla að þessu leyti. Gerir byggðarráð því alvarlegar athugasemdir við þær tillögur að setja í lög um fyrirhugaðan Landbúnaðarháskóla Íslands verkefni sem nú eru sérsvið Hólaskóla, Háskólans á Hólum. Reglugerð um verkaskiptingu á milli menntastofnana landbúnaðarins ætti að skýra þetta atriði fremur en lagagreinar."

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,


Ársæll Guðmundsson, sveitarstjóri